

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 243/2006, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga.**

### 1. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2013, frá 3. maí 2013, um að bæta við IX. viðauka EES-samningsins og taka upp í innlandan rétt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 311/2012, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar þætti tengda lýsingum og auglýsingum.

### 2. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 311/2012 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar þætti sem tengjast lýsingum og auglýsingum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, frá 16. maí 2013, bls. 301.

### 3. gr.

Ef ósamræmi er á milli íslensks og ensks texta reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 311/2012 skal skýra íslenska textann með hliðsjón af enska textanum.

### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 54. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 10. júlí 2013.*

F. h. r.

**Þórhallur Arason.**

*Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir.*